

Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Vextir Seðlabankans lækkaðir

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka í 7,0% og hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 8,25%. Vextir á lánnum gegn veði til sjö daga lækka í 8,5% og daglánavextir í 10,0%.

Viðskiptavegið meðalgengi krónunnar hefur í meginatriðum haldist stöðugt frá síðasta fundi peningastefnunefndar en gengi krónunnar gagnvart evru styrkst. Seðlabankinn hefur ekki átt nein viðskipti á gjaldeyrismarkaði. Vaxtaálag á skuldbindingar ríkissjóðs hefur lækkað en er enn hátt vegna áframhaldandi óvissu um aðgengi Íslands að erlendum fjármálamörkuðum og hugsanlegra áhrifa frá ríkisskuldakreppu í Evrópu. Gjalddeyrishöftin, þróun viðskiptajafnaðar og vaxtamunur við helstu viðskiptalönd Íslands styðja við gengi krónunnar.

Verðbólga jókst á ný í febrúar og mars, eins og gert hafði verið ráð fyrir, að hluta til vegna óhagstæðra grunnáhrifa. Í apríl hjaðnaði verðbólga á ný og mældist 8,3%, eða 6,9% ef áhrif hærri neysluskatta eru frátalin. Í verðbólguþróun bankans sem birt er í dag er gert ráð fyrir að verðbólguþróun verði svipuð og í janúarspánni og að undirliggjandi verðbólga verði við verðbólguþróun í lok ársins. Samdráttur þjóðarbúskaparins hefur reynst minni en áður var gert ráð fyrir og einkaneysla náð jafnvægi fyrr. Fjárfesting verður hins vegar minni á þessu ári vegna seinkunar stóriðjutengdra framkvæmda og hægari bata annarrar atvinnuvega-fjárfestingar. Eins og í janúarspánni er gert ráð fyrir að gengi krónunnar styrkist smám saman, en verði heldur sterkara á spátímanum en þá var talið.

Þótt spá um hjöðnun verðbólgu og slaki í þjóðarbúskapnum gæti gefið tilefni til meiri lækkunar vaxta, gefa nokkrir gagnverkandi þættir tilefni til varfærni. Krónan hefur lítið styrkst frá síðustu vaxtaákvörðun. Skuldatryggingarálag er enn hátt, þótt það hafi lækkað umtalsvert frá því það var hæst snemma á þessu ári og óróleikinn í tengslum við fjárhagsvanda gríska ríkisins hafi haft fremur takmörkuð áhrif. Þótt horfur um lánshæfismat ríkissjóðs hafi batnað, gætir enn vissrar óvissu um aðgengi Íslands að alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Að lokinni annarri endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ættu áhyggjur af getu ríkissjóðs til þess að

standa í skilum vegna lána sem falla á gjalddaga árin 2011 og 2012 að vera úr sögunni. Því er ólíklegra en áður að frekari töf á lausn Icesave-deilunnar hafi áhrif á lánshæfismat Íslands. Hins vegar væri áhættusamt að leysa gjaldeyrishöftin, sem hingað til hafa skýlt krónunni fyrir áhrifum tafa á lausn deilunnar, fyrr en frekari fjármögnun í tengslum við efnahagsáætlunina er í höfn. Því mun lausn gjaldeyrishafta tefjast þar til samkomulag næst eða þar til þriðju endurskoðun áætlunarinnar er lokið.

Óvissan um aðgengi Íslands að alþjóðlegum fjármálamörkuðum í framtíðinni takmarkar enn svigrúm peningastefnunarinnar, þótt í minna mæli sé en fyrir aðra endurskoðun efnahagsáætlunarinnar. Haldist gengi krónunnar stöðugt eða styrkist, og verðbólga hjaðni eins og spáð er, ættu forsendur þess að draga smám saman úr peningalegu aðhaldi þó að vera áfram til staðar. Eins og ávallt er nefndin reiðubúin til að breyta aðhaldi peningastefnunnar eins og nauðsynlegt er með hliðsjón af því tímabundna markmiði hennar að stuðla að gengisstöðugleika og í því skyni að tryggja að verðbólga verði nálægt markmiði til lengri tíma lítið.